

# Reykjavíkurborg

## ÁRSREIKNINGUR 2009



Reykjavíkurborg  
kt. 530269-7609  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík



# Reykjavíkurborg

## ÁRSREIKNINGUR

2009

### EFNISYFIRLIT

---

	bls.
Skýrsla og áritun borgarstjóra .....	2
Áritun borgarstjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Áritun skoðunarmanna .....	5
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Yfirlit yfir sjóðstreymi .....	9
Skýringar .....	10



## Skýrsla og áritun borgarstjóra

---

Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2009 er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum.

Starfsemi Reykjavíkurborgar er skipt í A hluta og B hluta. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum, en í B hluta eru fyrirtæki sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu borgarinnar og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Samkvæmt rekstrarreikningi A hluta voru rekstrartekjur 60.023 millj. kr. á árinu 2009, en þar af námu skatttekjur 51.004 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 13,03%, en lögbundið hámark er 13,28%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,214% í A-flokki, 1,32% í B-flokki og 1,65% í C flokki. Lögbundið hámark þess er 0,625% í A-flokki, 1,32% í B-flokki og 1,65% í C flokki. Rekstrartekjur A og B hluta námu samtals 93.068 millj. kr. á árinu 2009.

Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 3.299 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A og B hluta var neikvæð um 1.650 millj. kr.

Laun og launatengd gjöld A hluta á árinu voru samtals 29.273 millj. kr., en þar af var tekjufærsla vegna breytingu lífeyrisskuldbindingar 1.531 millj. kr. Fjöldi starfsmanna A og B hluta var 7.550, en þar af voru starfsmenn A hluta 6.298.

Heildareignir A og B hluta samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi námu í árslok samtals 416.520 millj. kr., heildarskuldir ásamt skuldbindingum voru 306.345 millj. kr. Eigið fé nam 110.175 millj. kr., en þar af nam hlutdeild minnihluta 6.127 millj. kr.

Þann 1. desember 2009 var fjöldi íbúa í Reykjavíkurborg samtals 118.427.

Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2009 er hér með staðfestur með undirritun.

Reykjavík, 18. maí 2010.

Hanna Birna Kristjánsdóttir  
borgarstjóri



## Áritun borgarstjórnar

---

Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir ársins 2009 er hér með staðfestur með undirritun.

Reykjavík, 18. maí 2010.

Borgarstjórn





# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til borgarstjórnar Reykjavíkur

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Reykjavíkurborgar fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi borgarinnar og samantekinn ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### *Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum*

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

### *Ábyrgð endurskoðanda*

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### *Álit*

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Reykjavíkurborgar á árinu 2009, efnahag hennar 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 18. maí 2010.

**PricewaterhouseCoopers hf**

Guðmundur Snorrason  
löggiltur endurskoðandi

Ólafur Gestsson  
löggiltur endurskoðandi



# Áritun skoðunarmanna

---

## Til borgarstjórnar Reykjavíkur

Við undirritaðir skoðunarmenn höfum fylgst eftir fremsta megni með starfi við undirbúning uppgjörs Reykjavíkurborgar og endurskoðunarferli því tengdu. Við höfum setið FER fundi, en það eru reglulegir fundir fjármálastjóra, borgarbókara og sérfræðinga Fjármálaskrifstofu með ytri endurskoðendum. Þar er jafnaðarlega farið yfir ýmsa þætti varðandi endurskoðun og uppgjör. Við höfum tekið þátt í kynningum og yfirferðum á ársreikningum B-hluta stofnana á fundum með forstöðumönnum og endurskoðendum þessara fyrirtækja. Við höfum átt fundi með forstöðumönnum Fjármálaskrifstofu, innri endurskoðunar og borgarlögmanns og einnig átt fundi með endurskoðendum Reykjavíkurborgar þar sem sérstaklega hefur verið farið yfir aðferðafræði, athugasemdir og vafaatriði í sambandi við endurskoðunina.

Við teljum okkur vel upplýsta um helstu meginþætti sem snúa að endurskoðun og uppgjöri og undirritum ársreikninginn í því ljósi.

Reykjavík, 18. maí 2010.

Ari Skúlason

Sævar Þ. Sigurgeirsson



## Rekstrarreikningur ársins 2009

	Skýr	A hluti		A og B hluti	
		Ársreikningur 2009	Fjárhagsáætlun 2009	Ársreikningur 2009	Fjárhagsáætlun 2009
<b>REKSTRARTEKJUR</b>	2,23				
Skatttekjur .....		51.004.055	47.562.968	50.543.224	47.080.269
Aðrar tekjur .....		9.019.336	10.737.894	42.524.318	43.664.510
<b>Rekstrartekjur samtals</b>		<b>60.023.391</b>	<b>58.300.862</b>	<b>93.067.542</b>	<b>90.744.779</b>
<b>REKSTRARGJÖLD</b>	3				
Laun og launatengd gjöld .....	24	29.272.623	32.878.707	37.370.007	40.559.038
Annar rekstrarkostnaður .....		25.373.421	25.566.346	33.977.375	35.494.366
Afskriftir .....	8,28-31	2.311.425	2.391.105	11.986.820	11.141.106
<b>Rekstrargjöld samtals</b>		<b>56.957.469</b>	<b>60.836.158</b>	<b>83.334.202</b>	<b>87.194.510</b>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....		3.065.922	( 2.535.296 )	9.733.340	3.550.269
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	4,25	232.959	2.532.398	( 12.655.318 )	20.125.701
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta og áhrif hlutdeildarfélaganna		3.298.882	( 2.898 )	( 2.921.979 )	23.675.970
Tekjuskattur .....		0	0	1.358.256	( 4.837.358 )
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna .....	10,26	0	0	( 253.943 )	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaganna .....		0	0	167.234	111
<b>Rekstrarniðurstaða</b> .....	27,41	<b>3.298.882</b>	<b>( 2.898 )</b>	<b>( 1.650.431 )</b>	<b>18.838.723</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2009

Eignir	Skýr	A hluti		A og B hluti	
		Ársreikningur 2009	Ársreikningur 2008	Ársreikningur 2009	Ársreikningur 2008
<b>FASTAFJÁRMUNIR</b>					
Óefnislegar eignir:					
Óefnislegar eignir .....	5,28	0	0	1.648.403	1.680.693
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6,8,9				
Fasteignir .....		54.296.248	53.466.305	100.608.125	98.620.467
Veitukerfi .....		0	0	230.824.558	217.728.448
Gatnakerfi .....		8.437.429	7.324.741	9.012.611	7.781.825
Áhöld og tæki .....		1.270.094	1.374.443	4.512.515	4.941.800
	29- 34	<b>64.003.772</b>	<b>62.165.489</b>	<b>344.957.809</b>	<b>329.072.540</b>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignarhlutir í félögum .....	10,36	6.290.165	6.091.369	4.544.609	12.492.987
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	11,38	1.175.043	1.195.241	0	0
Afleiðusamningar .....		0	0	19.036.283	9.091.449
Tekjuskattsinnæign .....	18,46	0	0	1.194.314	4.215.797
Aðrar langtímakröfur .....	11,12,38	3.490.806	2.507.279	11.296.113	2.879.729
		<b>10.956.014</b>	<b>9.793.889</b>	<b>36.071.319</b>	<b>28.679.963</b>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>74.959.786</b>	<b>71.959.378</b>	<b>382.677.530</b>	<b>359.433.195</b>
<b>VELTUFJÁRMUNIR</b>					
Birgðir .....	13	0	0	920.556	1.726.430
Skammtímakröfur:	12,14				
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur .....		6.699.706	5.915.924	10.659.474	9.493.916
Næsta árs afborg. langtímakr. á eigin ft. ....	38	123.224	373.953	0	0
Næsta árs afborganir annarra langtímakr. ....	38	895.356	1.810.775	1.221.126	2.406.820
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki .....		455.317	418.283	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður .....		0	0	228.219	162.796
Aðrar skammtímakröfur .....	39	1.254.567	2.352.499	2.721.343	3.190.106
Handbært fé .....	15	13.205.912	9.306.745	18.091.399	12.155.926
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>22.634.081</b>	<b>20.178.178</b>	<b>33.842.118</b>	<b>29.135.994</b>
<b>EIGNIR SAMTALS .....</b>		<b>97.593.867</b>	<b>92.137.556</b>	<b>416.519.648</b>	<b>388.569.189</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2009

### Eigið fé og skuldir

	Skýr	A hluti		A og B hluti	
		Ársreikningur 2009	Ársreikningur 2008	Ársreikningur 2009	Ársreikningur 2008
<b>EIGIÐ FÉ</b>					
Eiginfjárreikningur .....	40	63.769.573	60.470.692	104.048.061	109.781.468
Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga .....		0	0	6.126.807	6.542.977
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>63.769.573</b>	<b>60.470.692</b>	<b>110.174.868</b>	<b>116.324.445</b>
<b>SKULDBINDINGAR</b>					
Lífeyrisskuldbinding .....	17,41	9.131.541	11.831.897	9.912.266	12.615.830
Aðrar skuldbindingar .....	17,18,46	49.642	48.614	164.567	180.592
<b>Skuldbindingar samtals</b>		<b>9.181.183</b>	<b>11.880.511</b>	<b>10.076.833</b>	<b>12.796.422</b>
<b>LANGTÍMASKULDIR</b>					
Langtímaskuldir við lánastofnanir .....	19,42	13.955.118	8.173.552	263.330.184	231.439.551
Aðrar fjárskuldir (gangvirði afleiða) .....		0	0	50.186	0
<b>Langtímaskuldir samtals</b>		<b>13.955.118</b>	<b>8.173.552</b>	<b>263.380.370</b>	<b>231.439.551</b>
<b>SKAMMTÍMASKULDIR</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....		1.342.997	0	6.790.528	4.386.544
Viðskiptaskuldir .....		1.154.132	3.406.767	3.463.355	6.055.062
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	43	1.363.602	1.283.706	13.537.197	7.584.380
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar .....	41	1.140.700	1.018.020	1.176.070	1.052.836
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		321.455	270.427	0	0
Aðrar skammtímaskuldir .....	44,45	5.365.106	5.633.881	7.920.427	8.929.950
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<b>10.687.992</b>	<b>11.612.801</b>	<b>32.887.577</b>	<b>28.008.771</b>
<b>Skuldir og skuldbindingar samtals</b>		<b>33.824.293</b>	<b>31.666.864</b>	<b>306.344.780</b>	<b>272.244.744</b>
<b>EIGIÐ FÉ OG SKULDIR SAMTALS .....</b>		<b>97.593.867</b>	<b>92.137.556</b>	<b>416.519.648</b>	<b>388.569.189</b>
<i>Skuldbindingar utan efnahagsreiknings</i> .....	20,47-49	361.216.575	321.179.132	141.593.426	130.146.200

## Yfirlit yfir sjóðstreymi ársins 2009

	Skýr	A hluti		A og B hluti	
		Ársreikningur 2009	Fjárhagsáætlun 2009	Ársreikningur 2009	Fjárhagsáætlun 2009
<b>REKSTRARHREYFINGAR</b>					
Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi .....		3.298.882	( 2.898 )	( 1.650.431 )	18.838.723
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Sölutap (-hagnaður) eigna .....		244.065	( 1.247.217 )	2.767.710	( 1.290.326 )
Reiknaðar afskriftir .....	28-31	2.311.425	2.391.105	11.986.820	11.141.106
Niðurfærsla skammt.kr. v pen.markaðssjóða .....		1.223.270	0	1.223.270	0
Verðbætur, afföll og gengismunur .....	4	1.075.366	( 270.101 )	16.811.350	( 19.833.187 )
Álafleiður .....		0	0	( 11.072.823 )	0
Áhrif dótturfélaga og hlutdeild minnihluta .....		0	0	86.708	( 111 )
Breyting lífeyrisskuldbindingar .....	41	( 1.531.587 )	2.100.000	( 1.501.549 )	2.140.653
Breyting tekjuskattskuldbindingar .....		0	0	( 1.379.783 )	0
Önnur breyting .....		1.028	0	52.465	0
<b>Veltufé frá rekstri</b>		<b>6.622.449</b>	<b>2.970.890</b>	<b>17.323.738</b>	<b>10.996.858</b>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:					
Birgðir, (hækkun) .....		0	0	319.195	124.000
Óinnheimtar tekjur, (hækkun) .....		( 966.051 )	0	( 1.219.253 )	( 220.561 )
Aðrar skammtímakröfur, (hækkun)lækkun .....		( 140.488 )	254.000	( 30.557 )	16.722
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun .....		( 412.396 )	0	( 1.281.341 )	( 378.300 )
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna ársins .....		( 1.046.089 )	( 1.100.000 )	( 1.073.605 )	( 1.100.000 )
<b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum</b>		<b>( 2.565.024 )</b>	<b>( 846.000 )</b>	<b>( 3.285.561 )</b>	<b>( 1.558.139 )</b>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>4.057.425</b>	<b>2.124.890</b>	<b>14.038.176</b>	<b>9.438.719</b>
<b>FJÁRFESTINGARHREYFINGAR</b> 22					
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	29-32	( 4.840.114 )	( 6.710.000 )	( 28.849.401 )	( 24.117.637 )
Endurgr. gatnagerðargjöld og bygg.réttur .....		( 452.659 )	0	( 452.659 )	0
Söluverð seldra rekstrarfjármuna .....		27.000	1.700.000	395.929	1.855.170
Breyting á eignarhlutum .....		( 199.725 )	( 141.000 )	564.432	( 141.000 )
Skammtímalíðir vegna fjárfestinga .....		0	0	508.528	0
Breyting bundinna bankainnstæðna .....		0	0	13.683	0
Langtímakröfur, breyting .....		622.309	124.616	562.129	470.903
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		<b>( 4.843.189 )</b>	<b>( 5.026.384 )</b>	<b>( 27.257.357 )</b>	<b>( 21.932.564 )</b>
<b>FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR</b>					
Tekin ný langtímalán .....		6.000.000	5.800.000	26.972.183	18.051.386
Afborganir langtímalána og skuldbindinga .....		( 1.329.062 )	( 1.531.964 )	( 8.069.386 )	( 7.316.581 )
Innborgað hlutafé/aðrar breyt. á eigin fé .....		0	0	105.293	209.400
Skammtímafjármögnun .....		0	0	( 410.048 )	885.000
Arður .....		0	0	( 51.688 )	0
Aðrar hreyfingar .....		13.993	( 109.080 )	0	370.600
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<b>4.684.931</b>	<b>4.158.956</b>	<b>18.546.353</b>	<b>12.199.806</b>
<b>HÆKKUN(LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ .....</b>		<b>3.899.167</b>	<b>1.257.462</b>	<b>5.327.172</b>	<b>( 294.039 )</b>
<b>HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN .....</b>		<b>9.306.745</b>	<b>7.880.661</b>	<b>12.155.926</b>	<b>10.787.967</b>
<b>ÁHRIF GENGISBREYT. Á HANDBÆRT FÉ ..</b>		<b>0</b>	<b>0</b>	<b>608.301</b>	<b>0</b>
<b>HANDBÆRT FÉ Í ÁRSLOK .....</b>	15	<b>13.205.912</b>	<b>9.138.123</b>	<b>18.091.399</b>	<b>10.493.928</b>



# Skýringar

## Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Reykjavíkurborgar hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi borgarinnar og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi hennar, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð og Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu borgarinnar, en rekstur þessara fyrirtækja er að stofni til fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi borgarinnar eru Aflvaki hf., Bílastæðasjóður Reykjavíkur, Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Íþrótt- og sýningahöllin hf., Jörundur ehf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga.

Innifalið í samanteknum ársreikningi A og B hluta er ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur, sem er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Innleiðing IFRS, leiðir til breytinga á reikningsskilaaðferðum. Veigamestu frávik frá kostnaðarverðsreglu í reikningsskilum Orkuveitu Reykjavíkur eru;

- hluti varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið endurmetinn til gangvirðis.
- afleiðusamningar eru færðir á gangvirði.
- fjármálagerningar á gangverði í gegnum rekstrarreikning eru færðir á gangvirði.

Reikningsskil Orkuveitu Reykjavíkur eru færð óbreytt í samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga borgarinnar. Af viðskiptum milli rekstrareininga borgarinnar má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu. Þá er einnig um að ræða reiknaða vexti á viðskiptastöðu og langtímalán vegna yfirfærslu eigna og fjárfestinga.

## Reikningsskilaaðferðir

### *Innlausn tekna*

2. Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Skatttekjur eru útsvar, fasteignaskattar og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, að undanskildum framlögum til málefna fatlaðra, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðaleiga.

Framlög til stofnkostnaðar og innheimt gjöld vegna framkvæmda eru tekjufærð í rekstrarreikningi á nýtingartíma fjárfestingarinnar, nema ef um óverulegar fjárhæðir er að ræða. Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru almennt færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Sama á við um styrki.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning á meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

### *Lotun gjalda*

3. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

## Skýringar, frh.

---

### 4. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok ársins. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### Óefnislegar eignir

5. Hitaréttindi eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem óefnisleg eign á afskrifuðu kostnaðarverði. Hitaréttindi eru aðskilin frá landi við kaup. Undirbúningskostnaður er eignfærður í efnahagsreikningi sem óefnisleg eign, ef ásætlanlegar líkur eru á því að verkefnið skili tekjum síðar. Kostnaðurinn er færður til gjalda á áætluðum nýtingartíma. Aðrar óefnislegar eignir eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

### Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna

6. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum sem miðaðar eru við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum. Hjá A hluta eru kaup á áhöldum og tækjum undir 2,5 millj. kr. gjaldfærð. Dreifikerfi og framleiðslukerfi Orkuveitu Reykjavíkur eru skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningi A og B hluta sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum viðbótar afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkningar vegna þessa endurmats eru færðar yfir eigið fé. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning.

### Fjármálagerningar

7. Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign eða fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða veltufjárskuld eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning hjá Orkuveitu Reykjavíkur eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Orkuveita Reykjavíkur notar afleiðusamninga til að verjast gjaldmiðla-, vaxta- og álverðsáhættu. Innbyggðar afleiður eru aðskildar frá grunnsamningum og færðar sérstaklega þegar efnahagsleg einkenni og áhætta grunnsamningsins og innbyggðar afleiðu eru ekki nátengd, annar gerningur með sömu ákvæði og innbyggða afleiðan væri skilgreindur sem afleiðusamningur og blandaði gerningurinn er ekki metinn á gangvirði gegnum rekstrarreikning. Afleiðusamningar eru færðir á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning.

### Eignir teknar á leigu

8. Leigusamningar, þar sem meginhluti ávinnings eða áhættu er á ábyrgð borgarinnar, eru flokkaðir sem eignaleigusamningar. Þess konar samningar geta verið um einkaframkvæmd eða fjármögnunarleigu. Varanlegir rekstrarfjármunir sem aflað er með slíkum leigusamningum, eru færðir til eignar á matsverði, markaðsverði eða núvirði lágmarks leigugreiðslna við upphaf leigutíma, að frádregnum afskriftum.

### Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna

9. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma eigna þar til niðurlagsverði er náð. Almennt er miðað við að niðurlagsverð svari til eins árs afskriftar, þó að hámarki 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Byggingar, skrifstofu- og skólahúsnaði .....	25-50 ár
Aðrar byggingar .....	25-50 ár
Lóðir og lönd vegna skipulags .....	25 ár
Gatnakerfi .....	25 ár
Orkuveitan, dreifikerfi .....	5-50 ár
Orkuveitan, framleiðsla .....	5-50 ár
Orkuveitan, hitaréttindi .....	100 ár
Áhöld og tæki .....	3-15 ár

## Skýringar, frh.

---

### *Eignarhlutir í félögum*

10. Í ársreikningi Aðalsjóðs eru eignarhlutir í félögum, byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum færðir á kostnaðarverði, en bókfært verð eignarhluta Aðalsjóðs í árslok 2001 er þó óbreytt í ársreikningnum. Í ársreikningi A hluta er fyrst og fremst verið að draga fram ráðstöfun skatttekna og er því ekki færð hlutdeild í afkomu félaga. Framlög A hluta til reksturs byggðasamlaga teljast hluti kostnaðar viðeigandi málaflökks.

Í samanteknum ársreikningi A og B hluta eru eignarhlutir í félögum, byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Í hlutdeildaraðferð felst að hlutdeild borgarinnar í afkomu og eigin fé hlutdeildarféлага er færð í ársreikninginn. Eignarhlutir í félögum, þar sem borgin á minna en 20% eignarhlut, eru færðir á kostnaðarverði.

Niðurfærsla eignarhluta í félögum sem hafa orðið fyrir virðisrymun er reiknuð og færð í ársreikninginn að undangengnu mati.

### *Langtímakröfur*

11. Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör að teknu tilliti til niðurfærslu, sbr. skýringu 12. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi á meðal veltufjármuna.

### *Niðurfærslur krafna*

12. Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og eru niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreykingur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á árinu, er færð í rekstrarreikning.

### *Birgðir*

13. Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara.

### *Skammtímakröfur*

14. Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta, ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra, sbr. skýringu 12 um niðurfærslu krafna.

### *Handbært fé*

15. Sjóður, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

### *Eignir utan efnahagsreiknings*

16. Lönd og lóðir í eigu A hluta eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi, nema þau hafi verið keypt á undanförunum árum vegna skipulags eða lóðaúthlutunar. Fasteignamat þeirra lóða sem ekki eru eignfærðar nam 246.899 millj. kr. í árslok 2009.

## Skýringar, frh.

---

### *Skuldbindingar*

17. Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna borgarinnar er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er færð í rekstrarreikning, sbr. skýringu 41.

Aðrar skuldbindingar í efnahagsreikningi eru annars vegar tekjuskattsskuldbinding og hins vegar ábyrgðir Húsnæðisnefndar Reykjavíkur vegna byggingargalla.

### *Tekjuskattsskuldbinding og tekjuskattsinneign*

18. Tekjuskattsskuldbinding og tekjuskattsinneign félaga í B hluta er reiknuð og færð í ársreikninginn, en hún stafar af mismun efnahagsliða í skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félaganna er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þeirra.

### *Langtímaskuldir*

19. Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í lok ársins eins og lánskjör segja til um.

### *Skuldbindingar utan efnahagsreiknings*

20. Yfirlit um skuldbindingar og ábyrgðir borgarinnar utan efnahagsreiknings er birt í skýringum 47 til 49.

Skuldbindingar samkvæmt skýringu 47 eru annars vegar vegna loforða um framlög og styrki og hins vegar núvirtar greiðslur samkvæmt samningi um rekstrarleigu íþróttamannvirkis.

Leigusamningar, þar sem meginhluti ávinnings eða áhættu er ekki á ábyrgð borgarinnar, eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar. Árleg leigufjárhæð vegna slíkra samninga er gjaldfærð í rekstrarreikningi, en núvirt skuldbinding utan efnahagsreiknings er tilgreind í skýringu 47.

### *Fjárhagsáætlun*

21. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sjóðstreymi.

### *Yfirlit um sjóðstreymi*

22. Í fjárfestingarhreyfingum í yfirliti um sjóðstreymi er færð sú fjárfesting borgarinnar, sem hefur áhrif á handbært fé. Að auki er tilgreind sú fjárfesting, sem ráðist er í og fjármögnuð er með viðskiptaskuld eða lánssamningi.

## Skýringar, frh.

### Rekstrartekjur

23. Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2009	Fjárhagsáætlun 2009	Ársreikningur 2009	Fjárhagsáætlun 2009
<b>Skatttekjur</b>				
<i>Útsvar:</i>				
Staðgreiðsla .....	40.146.629	39.004.976	40.146.629	39.004.976
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgreiðslu .....	(2.372.441)	(2.304.976)	(2.372.441)	(2.304.976)
	<u>37.774.188</u>	<u>36.700.000</u>	<u>37.774.188</u>	<u>36.700.000</u>
Eftirá álagt útsvar .....	2.753.188	0	2.753.188	0
Skattbreytingar .....	( 785.522 )	( 900.000 )	( 785.522 )	( 900.000 )
Breyting á niðurfærslu .....	( 800.000 )	0	( 800.000 )	0
	<u>38.941.853</u>	<u>35.800.000</u>	<u>38.941.853</u>	<u>35.800.000</u>
<i>Fasteignaskattar:</i>				
Fasteignaskattur .....	11.278.424	11.005.433	10.847.275	10.553.729
Lóðaleiga .....	776.430	757.535	746.749	726.541
	<u>12.054.855</u>	<u>11.762.968</u>	<u>11.594.024</u>	<u>11.280.269</u>
<i>Framlög Jöfnunarsjóðs:</i>				
Útgjaldajöfnunarframlag .....	7.347	0	7.347	0
	<u>7.347</u>	<u>0</u>	<u>7.347</u>	<u>0</u>
Skatttekjur samtals .....	<u>51.004.055</u>	<u>47.562.968</u>	<u>50.543.224</u>	<u>47.080.269</u>
<b>Aðrar tekjur</b>				
Þjónustutekjur .....	15.042.128	15.024.535	23.680.991	
Framlag Jöfn.sjóðs v sérþarfa fatlaðra nem. ....	728.345	0	728.345	
Eignatekjur .....	474.922	425.285	1.472.918	
Endurgreiðslur annarra .....	2.631.212	2.872.056	2.760.712	
Aðrar tekjur .....	4.317.050	4.949.870	34.712.981	
Söluhagnaður (tap) eigna .....	( 257.281 )	700.000	( 199.195 )	
Milliviðskipti tekin út .....	( 13.917.040 )	( 13.233.852 )	( 20.632.434 )	
	<u>9.019.336</u>	<u>10.737.894</u>	<u>42.524.318</u>	<u>43.664.510</u>
Rekstrartekjur samtals .....	<u>60.023.391</u>	<u>58.300.862</u>	<u>93.067.542</u>	<u>90.744.779</u>

### Laun og launatengd gjöld

24. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2009	Fjárhagsáætlun 2009	Ársreikningur 2009	Fjárhagsáætlun 2009
Laun .....	25.159.527		32.158.708	
Launatengd gjöld .....	5.520.856		7.138.477	
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>30.680.383</u>	<u>30.778.707</u>	<u>39.297.185</u>	<u>38.418.385</u>
Breyting áfallins orlofs .....	134.000		193.977	
Millifærð laun / eignfærð laun .....	( 10.874 )		( 620.307 )	
	<u>30.803.509</u>	<u>30.778.707</u>	<u>38.870.855</u>	<u>38.418.385</u>
Breyting á lífeyrisskuldbindingu .....	( 1.530.886 )	2.100.000	( 1.500.848 )	2.140.653
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>29.272.623</u>	<u>32.878.707</u>	<u>37.370.007</u>	<u>40.559.038</u>
Stöðugildi að meðaltali .....	6.298		7.550	

Laun og launatengd gjöld vegna borgarráðs og borgarstjórnar námu 98,2 millj. kr. á árinu 2009.

## Skýringar, frh.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

25. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Arður af eignarhlutum .....	778.531	70.445
Ábyrgðargjald .....	715.906	244.342
Vaxtatekjur og verðbætur .....	962.186	1.361.291
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 1.903.386 )	( 9.459.088 )
Fjármagnstekjuskattur .....	( 92.520 )	( 109.862 )
Söluhagnaður verðbréfa .....	0	( 706.268 )
Niðurfærsla skammtímakrafna v pen.markaðssjóða .....	( 1.223.270 )	( 1.223.270 )
Gengismunur og framvirkir gjaldmiðlasamningar .....	995.513	( 11.281.345 )
Gangvirkisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusamningum og hlutabréfa .....	0	8.448.437
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals .....	<u>232.959</u>	<u>( 12.655.318 )</u>

Meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda er gjaldfærð niðurfærsla á kröfu að fjárhæð 1.223 mkr á Landsbanka Íslands hf vegna uppgjörðs á verðbréfaeign í eignastýringu hjá bankanum.

Reykjavíkurborg hefur gert kröfu á Landsbanka Íslands hf vegna uppgjörðsins og hefur á öllum stígum máls haldið fram sjónarmiðum sínum um réttmæti kröfunnar og mun leita réttar síns fyrir dómstólum til að knýja á um fullar endurheimtur hennar. Reykjavíkurborg telur sig í fullum rétti og mun knýja á um fullar efndir fyrir dómstólum.

Þessi niðurfærsla er gerð á grundvelli varúðarsjónarmiða reikningsskilareglna, meðfylgjandi málavaxtalýsingar, óvissu um greiðsluhæfi greiðenda og tímamörk og með vísan í höfnun slitastjórnar Landsbanka Íslands hf.

Hinn 3. október 2008 átti Reykjavíkurborg verðbréfaeign að fjárhæð 4.242 mkr í eignastýringu í Landsbankanum, sundurliðað þannig; annars vegar í Markaðsbréfum Landsbankans að markaðsvirði 311 millj. kr. og hins vegar í Peningabréfum Landsbankans að markaðsvirði 3.931 mkr. Hinn 3. október 2008 lagði Reykjavíkurborg inn beiðni símleiðis til Landsbankans um að umrædd verðbréfaeign í eignastýringu Landsbankans yrði seld í heild sinni og í staðinn keypt innstæðubréf í Seðlabanka Íslands. Þann sama daga tilkynnti starfsmaður Landsbankans símleiðis að ekki hefði verið unnt að kaupa slík bréf fyrir borgina. Ákveðið var að kaupa í staðinn Sparibréf Landsbankans. Hinn 6. október 2008 sendi bankinn með rafréfi kvittun fyrir sölu á Markaðsbréfunum, sem seld voru hinn 3. október 2008 í samræmi við beiðni borgarinnar og andvirði þeirra lagt inn á bankareikning. Sama dag, 6. október, barst rafræn staðfesting frá bankanum um kaup á Sparibréfum að andvirði 4.150 mkr fyrir Reykjavíkurborg og var það einnig staðfest sama dag munnlega af hálfu bankans við starfsmann fjárstýringar Reykjavíkurborgar. Þrátt fyrir staðfestingu bankans, dags. 6. október 2008, á kaupum á Sparibréfum Landsbankans, barst Reykjavíkurborg síðla dags. 7. október 2008 tilkynning frá bankanum um að kaupin hefðu verið afturkölluð og viðskiptin dregin til baka. Engar skýringar fylgdu umræddri bakfærslu en sama dag tók Fjármálaeftirlitið (FME) yfir stjórn bankans.

Reykjavíkurborg var með eignastýringarsamning við Landsbanka Íslands og voru umræddir fjármunir í eignastýringu hans. Landsvaki hf. er rekstrarfélag sem var dótturfélag í eigu Landsbanka Íslands hf. Landsvaki hf. er sjálfstætt fjármálfyrirtæki sem bar að starfa óháð móðurfélagi sínu, Landsbanka Íslands hf., sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki og lög nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Landsvaki hf. er félag sem stofnað er um rekstur sjóða og eignastýringu. Meðal sjóða sem Landsvaki hf. rak var Peningamarkaðssjóðurinn Peningabréf ISK. Með rafrænu bréfi NBI hf, dags 11. febrúar 2009, staðfestir NBI hf. að bankinn hafi tekið við réttindum og skyldum samkvæmt samningum um vörslu og eignastýringu viðskiptavina Landsbanka Íslands hf. á Íslandi frá og með 9. október 2008. Þann 28. október 2008 greiddi NBI hf inn á bankareikning Reykjavíkurborgar 68,8% af verðmæti Peningabréfa Landsbankans, sem er í samræmi við útgreiðsluhlutföll fyrir Peningabréf Landsbankans, og taldi sig þannig hafa gert upp kröfuna að fullu.

